

94. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 12. nóvember 2008 kl. 17.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsdóttir, Hrefna Frímansdóttir, Ingveldur Eypórsdóttir, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, Elín Guðrún Pálsdóttir, fulltrúi leikskólakennara, Birna Ármey Þórsteinsdóttir, foreldraráði leikskóla og Arna S. Andrésdóttir, fundarritari.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra

1.1. Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

- ◆ Þrjú, árs gömul börn eru búin í aðlögun.
- ◆ Danssýningin er búin. Dansskólinn gekk mjög vel og á næsta ári verður dansskólinn greiddur alfarið af leikskólanum, samþykkt frá bæjarráði.
- ◆ Foreldrafundur með foreldrum litháenskrar stúlku og túlk gekk mjög vel og allir voru ánægðir með hann. Þetta er nauðsynlegt að gera til þess að fyrirbyggja allan misskilning.
- ◆ Ömmu og afadagurinn var skemmtilegur eins og alltaf. Harmonikkuballið var vel heppnað og gaman að vera með Aftanskynsfélögum. Þetta var í samstarfi við tólmstundafulltrúa Stykkishólmsbæjar.
- ◆ Bæjarráð kom og fór yfir fjárhagsáætlun, ekkert stórt sem liggur fyrir á næsta ári og áætlun stendur ágætlega.
- ◆ Sálfræðingur og talmeinafræðingur eru nýlega búnir að koma í leikskólann.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna og gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Fyrirspurn: Fara öll börn til sálfræðings og talmeinafræðings? Nei, foreldrar panta tíma hjá sálfræðingi í gegnum leikskólann og eins hjá talmeinafræðingi í samstarfi við starfsfólk leikskólans. Það eru ca. 20 börn sem sækja tíma hjá talmeinafræðingi að meðaltali. Einnig eru börn í hóptímum.

1.2. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

- ◆ Kynning á nóvemberpunktum í GSS.
- ◆ Starfsmannamál.
 - Auglýst var eftir kennara frá 1. des. 2008. Búið er að ráða umsjónarkennara fyrir 2. bekk. Mun hann hefja störf 1. janúar 2009.
- ◆ Önnur mál.
 - Bæjarráð kom og heimsótti stjórnendur skólans vegna fjárhagsáætlunargerðar.

Fyrirspurn: Hvernig stendur teymisvinnan? Teymisvinnunni miðar mjög vel.

Formaður þakkaði skólastjóra skýrsluna og gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

2. Önnur mál

Bréf menntamálaráðuneytis, dags. 23.09.2008 varðandi framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 10. bekk.

Framlagt. Nefndin lýsir ánægju sinni með tiltekna breytingar.

Fyrirspurn: Kom skýrsla vegna námsferðar starfsfólks grunnskólans til Bandaríkjanna aldrei út? Hún hefur ekki verið fullkláruð og því ekki búið að birta hana opinberlega.

Fram fór umræða um „kreppuna“ og afleiðingar hennar varðandi skólamáltíðir og annað sem snýr að okkar samfélagi.

Fyrirspurn: Er vitað hvenær vænta má reglugerðar varðandi skólaráð frá menntamálaráðuneytinu? Vonandi fyrir júl hélt skólastjóri grunnskóla skv. hans upplýsingum.

Foreldrafélagið í leikskólanum í samstarfi við foreldrafélagið í grunnskólanum fékk Blátt áfram til að koma hingað og halda fyrirlestur. Fyrirlesturinn verður haldinn í grunnskólanum 24. nóvember nk. Allir foreldrar/forráðamen eru velkomnir.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.10.

Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari (sign).